

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna aðkeyprar þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga vegna eineltismála***

Á fundi borgarráðs þann þann 5. júlí 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna aðkeyprar þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga vegna eineltismála:

Hver er upphæð aðkeyprar þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga í tengslum við forvarnir og úrvinnslu eineltismála síðustu 5 ár?

Með bréfi dags. 5. júlí var óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um fyrirspurnina. Mannauðsdeild Ráðhúss tók saman upphæðir fyrir aðkeypta þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga í tengslum við forvarnir og úrvinnslu eineltismála síðustu fimm ár hjá mannauðsþjónustu allra fagsviða Reykjavíkurborgar. Frá árinu 2013 til og með júlí 2018 er kostnaður vegna þjónustu aðkeyprar þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga í tengslum við úrvinnslu eineltismála hjá Reykjavíkurborg 11.311.894 krónur.

Þess má geta að mannauðsdeild Ráðhúss og mannauðsþjónustur fagsviða sinna meðal annars forvörnum í tengslum við samskiptamál og vinnustaðarmenningu starfsstaða. Slíkar forvarnir eru í ýmsum myndum; fyrirlestrar, námskeið, vinnustofur um heilsueflandi stjórnun, árveknidagar, svo eitthvað sé nefnt.

Helga Björg Ragnarsdóttir